

BORGARRÁÐ 20.7.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukið umferðaröryggi við Starhaga - R17070104

Lagt er til að gripið verði til aðgerða í því skyni að auka umferðaröryggi við Starhaga og stemma stigu við hraðakstri um götuna.

Borgarráð

Vísað er til tillögu Sjálfstæðismanna í borgarráði þann 20.07.2017 um „...að auka öryggi við Starhaga og stemma stigu við hraðakstri um götuna.“

Ekkert umferðaróhapp er skráð á Starhaga árin 2012 til 2016 en í júlí síðastliðnum var bifreið ekið í gegnum grindverk leikskólans við Starhaga.

Lögreglan mældi hraða í Starhaga árið 2012. Eftirfarandi kemur fram í skýrslu lögreglunnar. „Þarna er 30 km hámarkshraði. Ábending hafði borist á facebook síðu LRH um meintan hraðakstur á þessum vegi. Á ofangreindu tímabili vaktaði vélin 74 ökutæki. Af þeim voru ljósmynduð ellefu brot eða 15% af vöktuðum ökutækjum. Meðalhraði brotlegu var lár eða 42 km.“


Ein hraðahindrun er í götunni. Sem er fullnægjandi m.t.t. götulengdar.



Mynd Morgunnblaðsins mbl.is/Ingileif

Rétt er, m.t.t. aðstæðna, að setja öflugri varnir (girðingu) á milli leiksskólalóðarinnar og Starhaga.

Reykjavík 10.08.2017



Stefán Agnar Finnsson,